



„Mér fannst ég ekki eiga heima þarna”

Brottfall úr framhaldsskóla og ávinningur þess að snúa aftur í
nám

María Emilsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

„Mér fannst ég ekki eiga heima þarna”

***Brottfall úr framhaldsskóla og ávinningur þess að snúa aftur í
nám***

María Emilsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Jón Torfi Jónasson

Uppeldis- og menntunarfræðideild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

„Mér fannst ég ekki eiga heima þarna“

Brottfall úr framhaldsskóla og ávinningur þess að snúa aftur í nám

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs

í uppeldis- og menntunarfræði við Uppeldis- og menntunarfræðideild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© María Emilsdóttir, 2016

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bókasala menntavísindasviðs

Reykjavík, 2016

Ágrip

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvaða þættir hafa áhrif á brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla og hvaða ávinning þeir sjá af því að snúa aftur í nám. Rannsóknin er viðtalsrannsókn. Tekin voru fimm viðtöl við nemendur á aldrinum 23–38 ára sem ekki höfðu lokið námi í framhaldsskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þeir þættir sem hafa áhrif á brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla séu lítill stuðningur foreldra, lítil skuldbinding gagnvart námi og skóla, takmörkuð trú á eigin getu og áhuga-
leysi. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að viðmælendur telji ákveðinn ávinning felast í því að ljúka framhaldsskóla. Sá ávinningur er aðallega óskin um nýjan starfsvettvang, starfsöryggi og að standa jafnfætis öðrum.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Myndaskrá.....	6
Töfluskrá.....	6
Formáli	7
1 Inngangur	9
2 Brotthvarf úr framhaldsskólum	11
3 Fræðilegur bakgrunnur	13
3.1 Stuðningur foreldra.....	13
3.2 Trú á eigin getu	14
3.3 Skuldbinding.....	14
3.4 Námsáhugi.....	16
3.5 Ávinningur af menntun	18
4 Rannsóknarspurningar	21
5 Aðferðafræði	23
5.1 Þátttakendur	25
5.2 Siðferðileg álitamál.....	25
5.3 Takmarkanir rannsóknar.....	26
6 Niðurstöður	27
6.1 Stuðningur foreldra.....	27
6.2 Trú á eigin getu	28
6.3 Skuldbinding.....	29
6.3.1 Tilfinningaleg skuldbinding	29
6.3.2 Hegðunarleg skuldbinding	30
6.4 Námsáhugi.....	30
6.5 Ávinningur	32
6.5.1 Að skipta um starfsvettvang	32
6.5.2 Starfsöryggi	33
6.5.3 Að standa til jafns við aðra.....	33
7 Umræða	35
7.1 Stuðningur foreldra.....	35
7.2 Trú á eigin getu	36
7.3 Skuldbinding.....	36
7.4 Námsáhugi.....	37

7.5 Ávinningur	37
8 Lokaorð	39
Heimildaskrá	41
Viðauki 1: Viðtalsrammi	44

Myndaskrá

Mynd 1. Líkan sem útskýrir hvers vegna fullorðið fólk fer í nám18

Töfluskrá

Tafla 1. Viðtalsrammi í rannsókninni24

Formáli

Rannsókn þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs í Uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Jón Torfi Jónasson og þakka ég honum fyrir góða leiðsögn og hjálplegar ábendingar við skrifin. Einnig vil ég þakka tengdaforeldrum mínum fyrir stuðninginn en þau sáu um að gæta dóttur minnar á meðan ritgerðarvinnunni stóð. Auk þess vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir þeirra framlag til rannsóknarinnar.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____. _____ 20__

1 Inngangur

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að brotthvarf úr framhaldsskólum er meira á Íslandi en víða erlendis. Árið 2012 gaf Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) út skýrslu þar sem fram kom að um 35% fólks á aldrinum 25–64 ára á Íslandi hefur ekki lokið framhaldsskóla. Á Íslandi ljúka aðeins 45% einstaklinga framhaldsskóla á tilsettum tíma en meðaltalið innan OECD landanna er 70% (OECD, 2012, bls. 19 og 82).

Ástæðurnar fyrir því að fólk hættir námi eru ólíkar og einstaklingsbundnar. Þættir eins og námsárangur, námsáhugi, skuldbinding gagnvart námi og skóla, trú á eigin getu, samskipti við kennara og skólafélaga og boð um betra starf eru dæmi um ástæður sem geta legið að baki brotthvarfi (Kristjana S. Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014, bls. 780; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002, bls. 58-59). Einstaklingar sem ljúka ekki námi í framhaldsskóla eru líklegri til þess að verða atvinnulausir, eiga við heilsufarsleg vandamál að stríða, sýna áhættuhegðun og treysta á framfærslustyrk (Kristjana S. Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014, bls. 778). Þættir sem hvetja fullorðið fólk með litla menntun til náms geta verið einstaklingsbundnir en þeir geta einnig tengst fjölskyldunni og skólakerfinu (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004, bls. 138).

Markmið þessarar rannsóknar er að veita innsýn inn í hugarheim einstaklinga sem ekki hafa lokið framhaldsskóla. Til þess að mæta markmiðum rannsóknarinnar varð eigindleg rannsóknaraðferð fyrir valinu. Tekin voru opin viðtöl. Þau hafa þann tilgang að lýsa og veita skilning á fyrirbærum í tilveru fólks annars vegar og lýsa félagslegum ferlum hins vegar (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 143). Kannað verður hvaða þættir það eru sem höfðu áhrif á brottfall samkvæmt upplifun viðmælenda og hvaða ávinning þeir sjá af því að snúa aftur í nám.

Ritgerðin skiptist í átta kafla. Í fyrsta kafla er inngangurinn. Í öðrum kafla er fjallað um brotthvarf úr framhaldsskólum. Í þriðja kafla er fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar reifaður. Í fjórða kafla eru rannsóknarspurningarnar settar fram. Í fimmta kafla er fjallað um aðferðafræði rannsóknarinnar, siðferðileg álitamál og takmarkanir. Í sjötta kafla eru niðurstöður kynntar og í sjöunda kafla eru umræður þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru tengdar við fræðilega umfjöllun. Í áttunda kafla eru lokaorð.

2 Brotthvarf úr framhaldsskólum

Hugtakið brotthvarf úr námi hefur verið skýrt á ýmsa vegu í rannsóknum. Í sumum rannsóknum er brotthvarf takmarkað við þá sem byrja í námi án þess að ljúka því. Í öðrum rannsóknum er talað um brotthvarfsnemendur sem nemendur sem ekki innritast í framhaldsskóla eða ljúka ekki námi innan ákveðins tímaramma (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002, bls. 4). Þeir fyrrnefndu hverfa því frá skólanámi, en hinir frá skóla. Þeir sem ljúka ekki framhaldsskóla eru í áhættuhóp hvað varðar ýmsa félags- og efnahagslega þætti. Einstaklingar sem flosna upp úr námi eiga minni atvinnumöguleika og vinna oftar við láglounastörf (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002, bls. 6). Þeir eru einnig líklegri til þess að eiga við heilsufarsleg vandamál að stríða, sýna margvíslega áhættuhegðun og treysta á framfærslustyrk (Kristjana S. Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014, bls. 778).

Hér á landi hefja nær allir nemendur, eða 95%, nám í framhaldsskóla að grunnskóla loknum. Staðreyndin er hins vegar sú að brotthvarf úr námi er meira héraendis ef miðað er við nágrannalöndin. Auk þess ljúka færri stúdentsprófi á tilsettum tíma (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013, bls. 3). Einn sterkasti forspárþáttur brotthvarfs úr námi er námsárangur. Þeir nemendur sem eiga erfitt uppdráttar í skóla litið til námsgetu eru í meiri áhættu á að hverfa frá námi en aðrir. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að nemendur sem búa við betri efnahagslegar aðstæður og félagslegar, farnast betur í námi og eru ólíklegri til þess að hverfa úr námi heldur en nemendur sem búa við lakari félags- og efnahagsleg skilyrði. Auk þess er skuldbinding nemenda talin minnka líkur á því að einstaklingar hætti námi (Kristjana S. Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014, bls. 780). Aðrir þættir sem eru líklegir til þess að hafa áhrif á brotthvarf eru námsleiði, tilgangssleysi náms, ytri þættir eins og aðstæður heima fyrir og peningavandræði, takmörkuð trú á eigin getu, samskipti við skólafélaga eða boð um betra starf (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002, bls. 58–59).

3 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessari ritgerð verða rannsóknir um stuðning foreldra, skuldbindingu nemenda, trú á eigin getu og námsáhuga hafðar til hliðsjónar þegar litið er til brotthvarfs nemenda úr framhaldsskólum. Auk þess verður rannsókn um námshvata höfð til hliðsjónar þegar leitast er við að svara þeirri spurningu hvaða ávinning brotthvarfsnemendur sjá af því að snúa aftur í nám.

3.1 Stuðningur foreldra

Stuðningur foreldra og þátttaka (e. parental involvement) foreldra í skólagöngu barna sinna er regnhlífahugtak sem felst í því að foreldrar taka þátt í námi barna sinna og öðrum skólatengdum atburðum sem geta stuðlað að bættum árangri í menntun þeirra. Þetta gera þeir meðal annars með því að aðstoða börn sín við heimanám og viðhalda góðum samskiptum við skólann (Anguiano, 2004, bls. 62).

Niðurstöður rannsóknar Sabates, Hossain og Lewin (2013) benda til þess að stuðningur foreldra minnki líkur á brotthvarfi úr námi. Í rannsókn þeirra kom fram að börn sem báðu um hjálp foreldra sinna við heimanám en fengu ekki voru tvisvar sinnum líklegri til þess að hverfa frá námi en þau börn sem báðu um hjálp og fengu hana. Að sama skapi voru 94% meiri líkur á því að börn sem ekki báðu um hjálp við heimanám myndu flosna úr námi en þau börn sem báðu um hjálp og fengu hana (bls. 230). Samkvæmt kenningu Diana Baumrind skiptast uppeldisaðferðir foreldra í stjórnandi uppeldishætti (e. authoritarian parenting), leiðandi uppeldishætti (e. authoritative parenting) og afskiptalaus uppeldishætti (e. permissive parenting) (Baumrind, 1966, bls. 889–891). Afskiptalausir uppeldishættir geta einkennst af því að foreldrar vanrækja barnið og taka sínar þarfir fram yfir þess. Þeir geta einnig einkennst af því að foreldrar telji það nauðsynlegt fyrir eðlilegan þroska barnsins að þeir standi aðgerðarlausir hjá í uppeldinu (Rumberger, Ghatak, Poulos, Ritter og Dornbusch, 1990, bls. 296). Í þessu ljósi er áhugavert að minnst á kínverska rannsókn sem Liu (2004) framkvæmdi. Meiri hluti foreldra í þeirri rannsókn skiptu sér lítið af því þegar börn þeirra tóku ákvörðun um að hætta námi og létu þau alfarið um ákvörðunina (bls. 12). Þetta samræmist niðurstöðum Rumberger o.fl. (1990) þar sem fram kom að brotthvarfsnemendur eru líklegri til þess að búa við afskiptalaus uppeldishætti og taka ákvarðanir án samráðs við foreldra (Rumberger o.fl., 1990, bls. 293).

Samkvæmt niðurstöðum langtímarannsóknar Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Kristjónu Stellu Blöndal (2005) tengjast uppeldisaðferðir foreldra við 14 ára aldur ung-

menna brotthvarfi þeirra frá námi sjö árum seinna. Þau ungmenni voru líklegri til að hafa lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur sem töldu sig njóta stuðnings foreldra sinna en þau sem upplifðu lítinn stuðning (bls. 19). Þessar niðurstöður samræmast niðurstöðum úr rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) þar sem fram kom að upplifun á stuðningi foreldra tengdist brotthvarfi úr námi. Því meiri stuðning sem nemendur upplifðu frá foreldrum, því líklegri voru þeir til þess að ljúka námi (bls. 27).

3.2 Trú á eigin getu

Trú á eigin getu gegnir mikilvægu hlutverki í forspá um námsárangur og getur minnkað líkur á brotthvarfi úr námi. Í kenningu Bandura er trú á eigin getu skilgreind sem mat einstaklings á getu sína til að takast á við tilteknar aðstæður og verkefni (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002, bls. 5). Ef einstaklingur telur það ólíklegt að hann nái vissu marki þá mun hann eða hún líklega ekki leggja sig fram til þess að ná því (Van Uden, Ritzen og Pieters, 2014, bls. 23). Í niðurstöðum rannsóknar Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) á brottfalli úr námi kom fram að nemendur sem lokið höfðu framhaldsskóla við 24 ára aldur, höfðu að jafnaði meiri trú á eigin getu (bls. 28). Þeir sem hafa mikla trú á eigin getu eru líklegri til að ná árangri og finna fyrir vellíðan. Aftur á móti eru þeir sem hafa litla trú á eigin getu líklegri til að forðast krefjandi viðfangsefni og gefast fljótt upp (Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigbórsson, 2014, bls. 5–6).

Í rannsókn Hjálta Jóns Sveinssonar og Barkar Hansen (2010) á brotthvarfi nemenda af almennri námsbraut í Verkmenntaskólanum á Akureyri, þar sem tíðni brotthvarfs var hátt kom í ljós að úrræði sem voru sérstaklega skipulögð með brotthvarfsnemendur í huga voru ekki að ná tilsettum árangri og trú þessara nemenda á eigin getu var engin eða mjög lítil (bls. 105–106).

3.3 Skuldbinding

Skuldbinding (e. student engagement) nemenda gagnvart námi og skóla er eitt af lykilhugtökunum þegar fjallað er um brotthvarf úr námi. Þegar nemendur verða smám saman afhuga námi og skóla, það er sýna lítinn áhuga, þátttaka í námi og félagslífi er lítil, koma ekki auga á tilgang með námi og skortir metnað og framtíðarsýn, er hættara við að þeir hverfi frá námi (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013, bls. 3).

Skuldbindingu nemenda má skipta í þrjár víddir. Þær eru hegðunarleg skuldbinding (e. behavioral engagement), tilfinningaleg skuldbinding (e. emotional engagement) og vitsmunalega skuldbinding (e. cognitive engagement). Þegar nemandi er virkur, mætir í kennslustundir og tekur þátt í námi, félagslífi og skólastarfi, sinnir heimanámi og fylgir skólareglum, þá er talað um hegðunarlega skuldbindingu. Nemandi sem hefur litla

hegðunarlega skuldbindingu fer á skjön við þetta. Hann mætir of seint, skrópar, er truflandi og tekur lítinn þátt í námi. Þegar nemandi er tilfinningalega skuldbundinn skólanum þá hefur hann áhuga á náminu, líkar vel við samnemendur og kennara, finnst hann hluti af nemendahópnum og samsamar sig skólanum. Nemanda sem skortir tilfinningalega skuldbindingu er neikvæður gagnvart samnemendum og starfsfólki og hefur námsleiða. Nemandi sem er vitsmunalega skuldbundinn skólanum vill ná langt í námi og leggur sig fram. Hann vill kljást við ögrandi verkefni og setur sér háleit markmið. Þessir nemendur vinna vel undir álagi og gefast ekki upp þó einhverjir erfiðleikar verði á vegi þeirra (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013, bls. 4). Í niðurstöðum rannsóknar Kristjönu og Bjarneyjar (2013) kom fram að skuldbinding tengist námsárangri nemenda. Fylgni var á milli fyrri námsárangurs og allra þriggja þátta skuldbindingar. Eftir því sem nemendur fengu hærrí einkunnir á samræmdum prófum í 10. bekk var metnaður þeirra meiri og framtíðarsýn skýrari. Veik fylgni var milli hinna tveggja þátta skuldbindingar og námsárangurs. Því hærrí meðaleinkunn sem nemendur fengu því meira samsömuðu þeir sig skólanum og því neikvæðari var námshegðun þeirra (bls. 10).

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Archambault, Janosz, Fallu og Pagani (2009) er skortur á hegðunarlegri skuldbindingu talin tengjast brotthvarfi úr námi. Aftur á móti fundu rannsakendur ekki bein tengsl milli tilfinninga- og vitsmunalegrar skuldbindingar og brotthvarfs úr námi. Niðurstöðurnar koma nokkuð á óvart þar sem fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl allra þriggja undirþátta skuldbindingar við brotthvarf úr námi (Archambault o.fl., bls. 664 og 666). Niðurstöðurnar koma einnig á óvart í ljósi tengsla fyrri námsárangurs við alla undirþætti skuldbindingar (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013, bls. 10). Umfjöllun Archambault og félagar samræmist umfjöllun Van Uden og félagar (2014). Samkvæmt þeim getur skuldbinding nemenda birst á mismunandi stigum (e. levels). Nemandi getur til dæmis verið skuldbundinn innan ákveðinnar kennslustofu og/eða gagnvart hinu stærra skólasamfélagi. Þeir segja að mikilvægt sé að greina á milli þessara stiga þar sem þau eru líkleg til þess að eiga sér mismunandi orsakir og afleiðingar (Van Uden o.fl., 2014, bls. 22).

Niðurstöður Lamote og félagar (2013) á þróun skuldbindingar nemenda í tengslum við brotthvarf úr námi staðfesta niðurstöður fyrri rannsókna sem benda til þess að skortur á skuldbindingu gagnvart námi tengist brotthvarfi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að skortur á tilfinningalegri skuldbindingu gagnvart námi tengdist brotthvarfi. Því minni sem tilfinningaleg skuldbinding nemenda var þegar þeir hófu nám þeim mun meiri líkur voru á að þeir hyrfu frá námi (bls. 753).

Jákvætt samband milli kennara og nemanda er einnig talið mikilvægt þegar kemur að skuldbindingu nemenda og árangri þeirra (Van Uden o.fl., 2014, bls. 21). Rannsóknir hafa sýnt fram á að stuðningur kennara og umhyggja tengist hegðunarlegri skuldbindingu nemenda eins og þátttöku í náminu og vinnusemi en einnig er hún tengd lægri tíðni á truflandi hegðun og minni líkum á því að hverfa frá námi (Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004, bls. 75).

3.4 Námsáhugi

Í rannsóknum sem hafa verið gerðar hér á landi hefur komið fram að áhugaleysi og námsleiði séu helstu ástæður sem nemendur gefa fyrir því að hætta í framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002, bls. 59; Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013, bls. 4).


Áhugi (e. motivation) er talin ein af forsendunum fyrir því að nemendum farnist vel í námi. Það að vera áhugasamur er að ætla sér að framkvæma, aðhafast eða grípa til ráðstafana til þess að ná ákveðnu marki. Áhugahvöt skiptist í innri (e. intrinsic) áhugahvöt og ytri (e. extrinsic) áhugahvöt. Innri áhugahvöt stjórnast af því hvort einstaklingur telur athöfn mikilvæga, gefandi og skemmtilega en ytri áhugahvöt snýst um þá útkomu sem athöfnin hefur í för með sér fyrir einstaklinginn, eins og til dæmis góðar einkunnir og að vera bestur í einhverju. Fræðimenn telja þess vegna mikilvægt að finna leiðir til að styrkja innri áhugahvöt. Það má gera með því að styðjast við fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölga námskostum og með því að finna nemendum hæfilega þung verkefni (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2008, bls. 9). Að fjölga námskostum og finna nemendum hæfilega þung verkefni hefur reynst vel hér á landi. Niðurstöður úr rannsókn Hjalta og Rúnars (2014) sem fjallar um reynsluna af tilraunaverkefni, sem var sett af stað til þess að reyna að ná til nemenda sem töldust líklegir til að hverfa frá námi, sýna góðan árangur af stuttri starfsnámsbraut sem var starfrækt á árunum 2011–2012 og 2012–2013. Brotthvarf af starfsnámsbrautinni var lítið og niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að námsáhugi nemendanna hafi eflst og að þeir hafi öðlast trú á eigin getu (bls. 16). Það má þó velta því upp hvort að slíkar niðurstöður séu ekki algengar í tilraunaverkefnum þar sem kennarar leggja mikið á sig til þess að sinna nemendum vel.

Eccles, Wigfield, Midgley, Reuman, Mac Iver og Feldlaufer (1993) gerðu langtímarannsókn á því hvernig skóla- og kennsluumhverfi á miðskólastigi (e. middle school) tengist breytingum á námsáhuga (e. motivation) sem gjarnan verður í upphafi unglingsáranna og getur orðið til þess að börnum byrjar að fara aftur í skóla. Þetta ferli getur leitt til minni afkasta í námi og brotthvarfs. Samkvæmt Eccles og félögum verða miklar breytingar á námsumhverfi nemenda við tilfærsluna frá barnaskólastigi yfir á

miðskólastig. Það má til dæmis nefna að gæði í samskiptum kennara og nemenda breytast, vald kennarans yfir nemandanum eykst, trú kennara á eigin getu (e. teacher–efficacy) minnkar og getuskipting nemenda eykst. Þessar breytingar virðast hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir nemendur og þær verða til þess að námsáhugi þeirra minnkar (bls. 554 og 567). Þessar niðurstöður ríma við niðurstöður úr rannsókn Amalíu, Baldurs og Barkar (2008) á námsáhuga barna í fyrsta, þriðja, sjötta og níunda bekk. Þar kom í ljós að námsáhugi barna er mestur í upphafi skólagöngu en fer svo minnkandi. Mikill munur er á námsáhuga barna strax í þriðja bekk. Í rannsókninni sem um ræðir, fullyrti aðeins helmingur nemenda í sjötta bekk að sér þætti gaman í skólanum og aðeins 40% nemenda í níunda bekk (bls. 22).

3.5 Ávinningur af menntun

Miklar breytingar hafa orðið í heiminum á undanförunum áratugum. Tækni hefur fleytt fram og samhliða því hafa kröfur aukist á vinnumarkaði. Samkeppni er meiri en áður og því er talið mikilvægt að einstaklingar sækji sér menntun til þess að tryggja sér góða vinnu og afkomu (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000, bls. 9). Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson (2004) gerðu rannsókn á því hvaða gildi nám hefur í lífi fullorðins fólks og hvað hvetur það til náms. Í rannsókninni komu fram þrjú þættir sem hvetja fullorðið fólk með litla menntun til náms. Þessir þættir eru einstaklingsbundnir, þættir sem tengjast fjölskyldunni og þættir sem tengjast skólakerfinu (bls. 138). Niðurstöðurnar eru birtar eftirfarandi líkani.



Mynd 1. Líkan sem útskýrir hvers vegna fullorðið fólk fer í nám

Meiri hluti viðmælanda í rannsókninni sagði að hvatinn að náminu hafi verið áhugi á námi og þörf fyrir að afla sér meiri þekkingar. Aðrir þættir sem komu fram hjá viðmælendum voru starf og starfsöryggi en flestir þátttakendur völdu nám með ákveðið starf í huga eða til þess að verða samkeppnishæfari á vinnumarkaði. Afstaða til fyrri starfa var einn af þeim einstaklingsbundnu þáttum sem hvatti viðmælendur til frekara náms. Það er óskin um að skipta um starfsvettvang eða að eitthvað á vinnustaðnum vakti hjá þeim áhuga um að fara í frekara nám. Að standa til jafns við aðra var einnig hvatning fyrir

viðmælendur til þess að afla sér frekari menntunar. Viðmælendum fannst þeir hafi orðið undir í samskiptum við annað fólk og sóttu sér menntun til þess að hækka í álit og geta staðið jafnfætis öðrum. Aðrir einstaklingsbundnir þættir komu fram eins og fjárhagslegt sjálfstæði, sjálfsöryggi og metnaður til þess að ná lengra á vinnumarkaði. Fjölskyldan og skólakerfið voru einnig áhrifaríkir þættir þegar kom að hvatningu til náms. Viðmælendur í rannsókninni töldu aðgengi að námi, námsframboð, skipulag og viðmót innan skólakerfisins og sveigjanleika í námi einnig skipta miklu máli. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fjölmargir þættir hvetji einstaklinga til náms. Því fleiri lykilþættir sem voru til staðar hjá hverjum og einum viðmælanda, því meiri líkur voru á að þeir tækju af skarið og færu í nám (bls. 138-140).

4 Rannsóknarspurningar

Stuðningur foreldra, skuldbinding gagnvart námi og skóla, trú á eigin getu og námsáhugi eru mikilvægir forspárþættir þegar kemur að brotthvarfi úr námi. Nemendur sem búa við lítinn stuðning foreldra, hafa takmarkaða trú á eigin getu, eru lítið skuldbundnir námi og áhugalausir eru líklegri til þess að hætta í framhaldsskóla áður en þeir ná að útskrifast. Það sem hvetur fólk til náms eru einstaklingsbundnir þættir eins og áhugi á námi, þörf til þess að afla sér frekari þekkingar, starfsöryggi, afstaða til fyrri starfa, að standa til jafns við aðra, fjárhagslegt sjálfstæði, sjálfsöryggi og metnaður til þess að ná lengra á vinnu- markaði. Fjölskyldan og skólakerfið eru einnig mikilvægir þættir þegar kemur að því að snúa aftur í nám. Í ljósi þessara niðurstaðna og til þess að dýpka skilning á þessum þáttum eru rannsóknarspurningar mínar eftirfarandi:

- Hvaða þættir hafa áhrif á brotthvarf úr framhaldsskóla?
- Hvaða ávinning sjá nemendur sem hætt hafa námi í framhaldsskóla af því að snúa aftur í nám?

•

5 Aðferðafræði

Markmið þessarar rannsóknar var að skyggjast inn í hugarheim einstaklinga sem hætt hafa námi í framhaldsskóla. Kannað var hvaða þættir höfðu áhrif á brotthvarf þeirra úr námi og hvaða ávinning þeir sáu af því að snúa aftur í nám. Eigindleg rannsóknaraðferð varð því fyrir valinu. Með eigindlegum rannsóknaraðferðum er leitast við að skilja eða lýsa tilteknum mannlegum fyrirbærum og áhersla er lögð á að ná heildarmynd af tilteknu fyrirbæri og á tengsl innan ákveðins kerfis eða menningar. Markmiðið er að auka skilning en ekki endilega að spá fyrir um eitthvað. Í eigindlegum rannsóknum, þar sem rannsóknaraðferðin byggir á viðtölum við einstaklinga eða hópa er rannsakandinn mælitækið. Það er því mikilvægt að hann taki vel eftir og sé meðvitaður um eigin viðhorf og fyrirframgefnar hugmyndir (Sigríður Halldórsdóttir, 2013a, bls. 239).

Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sem samanstóð af níu opnum spurningum. Með opnum spurningum eru svarkostir ekki ákveðnir fyrirfram og viðmælendum er gefið svigrúm til að svara eins og þeir sjálfir kjósa með einni eða fleiri setningum (Sigríður Halldórsdóttir, 2013b, bls. 26). Í eigindlegum viðtölum er leitast við að fá dýpt í umfjöllun um viðfangsefnið, sem skoðað er frá ólíkum sjónarhornum. Viðtölin geta verið mismunandi frá einum þátttakanda til annars og innihalda ekki nákvæmlega það sama í rannsókninni þó viðfangsefnið sé hið sama (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 143). Viðtölin fóru fram á heimili viðmælanda (2), Skype (2) og á heimili rannsakanda (1). Viðtölin voru tekin upp og þau tóku allt frá 25 mínútum og upp í 40 mínútur. Viðtalsramminn sem var hafður til hliðsjónar við viðtölin er sýndur í töflu 1. Að loknum viðtölunum voru þau afrituð, lesin vel yfir og þemagreind.

Tafla 1. Viðtalsrammi í rannsókninni

1. Hvað ertu gömul/gamall?
2. Getur þú lýst skólagöngu þinni fyrir mér?
<ul style="list-style-type: none">• Í hvaða grunnskóla varstu?• Hvernig leið þér í grunnskóla?• Í hvaða framhaldsskóla fórstu?• Hvernig leið þér í framhaldsskóla?• Hvernig gekk þér í framhaldsskóla?
3. Stundaðir þú skólann vel?
<ul style="list-style-type: none">• Hafðir þú gaman af því sem þú varst að læra í skólanum?• Varst þú virk/virkur í félagslífinu í skólanum?• Hvað fannst þér ánægjulegast við framhaldsskólann?• Hvað fannst þér leiðinlegast við framhaldsskólann?
4. Áttir þú við einhverja námsörðugleika að stríða?
<ul style="list-style-type: none">• Fékkst þú stuðning við hæfi í skólanum?
5. Hvöttu kennararnir þínir þig áfram og sýndu þér stuðning?
6. Hafðir þú trú á þér í náminu?
<ul style="list-style-type: none">• Varst þú hrædd/ur við að mistakast í náminu?• Varst þú jákvæður gagnvart náminu þínu?
7. Lögðu foreldrar þínir mikið upp úr menntun?
<ul style="list-style-type: none">• Hvaða menntun hafa foreldrar þínir?• Stóðu foreldrar þínir við bakið á þér og hvöttu þig áfram í námi?• Fylgdust foreldrar þínir vel með námi þínu?• Getur þú lýst uppeldinu sem þú fékkst?
8. Hvað telur þú að hafi orðið þess valdandi að þú hættir í framhaldsskóla?
<ul style="list-style-type: none">• Telur þú að búseta/aðgengi að menntun hafi haft einhver áhrif á að þú hefur ekki lokið framhaldsskóla?• Hvað varstu gamall/gömul þegar þú hættir í framhaldsskóla?• Hvernig leið þér þegar þú hættir námi?
9. Hvaða áhrif hafði það á líf þitt að hætta námi í framhaldsskóla?
<ul style="list-style-type: none">• Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að hætta í námi?• Hyggst þú snúa aftur í nám?• Telur þú mikilvægt fyrir þig að ljúka framhaldsskóla uppá framtíðina að gera?• Að hvaða leyti?

5.1 Þátttakendur

Viðtöl voru tekin við fimm einstaklinga á aldrinum 24–38 ára, tvær konur og þrjú karla. Þátttakendurnir eiga það sameiginlegt að hafa ekki lokið stúdentsprófi. Úrtakið er tilgangsúrtak þar sem fjöldi þátttakenda var ekki ákveðinn fyrirfram og viðmælendur voru valdir með það í huga að þeir hentuðu markmiði rannsóknarinnar sem best (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 129–130). Óskað var eftir þátttakendum fyrir rannsóknina í gegnum samfélagsmiðla en einnig var spurst eftir þeim í gegnum vini og vandamenn. Nöfnum viðmælenda í rannsókninni hefur verið breytt til þess að virða friðhelgi þeirra.

Bakgrunnur viðmælendanna er mjög fjölbreyttur. Andri er 24 ára, búsettur erlendis, hann hætti í framhaldsskóla þegar hann var 18 ára. Helsta ástæðan fyrir því að hann hætti var áhugaleysi. Guðrún er 26 ára og er búsett úti á landi. Hún vinnur sem deildarstjóri á leikskóla. Hún hefur ekki lokið stúdentsprófi og hætti í framhaldsskóla þegar hún var 18 ára. Hún telur mikilvægt að ljúka framhaldsskóla til þess að hún sé öruggari í starfi. Kári, Óli og Þóra búa öll á höfuðborgarsvæðinu. Þóra er 38 ára, þriggja barna móðir og vinnur á leikskóla. Hún hætti námi í framhaldsskóla eftir aðeins eitt ár og á því styðstu framhaldsskólagönguna að baki af öllum viðmælendum. Þóra hafði takmarkaða trú á eigin getu í námi og fannst hún ekki eiga heima í framhaldsskóla. Kári er 31 árs, tveggja barna faðir. Hann hefur ekki lokið stúdentsprófi. Hann er eini viðmælendinn í rannsókninni sem hyggst ekki snúa aftur í nám til þess að ljúka framhaldsskóla. Óli er 31 árs og er sjómaður. Hann á mjög fáa áfanga eftir til þess að ljúka stúdentsprófi. Hann ætlar að snúa aftur í nám um leið og tækifæri gefst til þess að eiga möguleika á að skipta um starfsvettvang.

5.2 Siðferðileg álitamál

Höfuðreglurnar fjórar sem liggja til grundvallar vísindarannsóknum sem gerðar eru á eða með fólki eru sjálfræðisreglan, skaðleysisreglan, velgjörðarreglan og réttlætisreglan (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 73). Eigindlegar rannsóknir fela ekki í sér sömu áhættu og meðferðarprófanir en þær eru ekki hættulausar og nauðsynlegt er að þátttakendur gefi upplýst samþykki, líkt og sjálfræðisreglan kveður á um. Í upphafi rannsóknar og áður en viðtölin fóru fram var viðmælendum gert grein fyrir rannsókninni og tilgangi hennar. Að því loknu veittu viðmælendur upplýst samþykki fyrir þátttöku sinni í rannsókninni. Skaðleysisreglan kveður á um að forðast skuli að valda skaða. Í eigindlegum rannsóknum þarf að gæta sérstakrar varúðar þegar viðtöl og vettvangsathuganir leiða af sér viðkvæmar persónuupplýsingar sem gætu skaðað þátttakendur ef þær lentu í röngum höndum. Einnig getur verið erfitt að gera eigindleg gögn ópersónuleg þegar þau lýsa einstaklingsbundinni reynslu. Viðmælendum í rannsókninni var gert grein fyrir að nöfn og aðrir

staðarhættir fengju dulnefni og að fullum trúnaði væri heitið (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 82–83). Velgjörðarreglan kveður á um skylduna um að láta sem best af sér leiða í rannsóknum og að þær hafi tilgang. Tilgangur rannsóknarinnar er að komast að því hvaða þættir hafa áhrif á ákvörðun einstaklinga um að hverfa frá námi í framhaldsskóla og hvaða ávinning þeir sjá af því að snúa aftur í nám. Tilgangur rannsóknarinnar er jafnframt að varpa ljósi á mikilvægi þess að einstaklingar sæki sér menntun. Réttlætisreglan felur í sér að allir hafi jafnan ávinning af rannsókninni, þátttakendur jafnt sem rannsakendur. Í þessari rannsókn leitast rannsakandi og þátttakendur við að varpa ljósi á hvaða þættir hafa áhrif á ákvörðun einstaklinga um að hætta í framhaldsskóla og hvaða ávinning þeir sjá af því að snúa aftur í nám (Sigurður Kristinsson, 2013, bls 73-74).

5.3 Takmarkanir rannsókna

Rannsakandi hefur litla reynslu af því að taka eigindleg viðtöl. Einnig getur verið að svör viðmælenda hafi verið vanhugsuð og að þeir hafi hagað frásögn sinni eftir því sem þeir töldu að rannsakandi vildi heyra. Það er mat rannsakanda að þessi atriði þurfi að hafa í huga verið lestur rannsóknarinnar þó hann telji að fyrrnefndir þættir hafi ekki áhrif á niðurstöður hennar.

6 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar sem sneri að brott- hvarfsnemendum úr framhaldsskóla. Farið var kerfisbundið yfir gögnin og talið út hvenær ákveðin hugtök komu fyrir. Þemun sem birtust í viðtölunum eru stuðningur foreldra, skuldbinding, takmörkuð trú á eigin getu, áhugaleysi og ávinningur. Niðurstöðum rannsóknarinnar er skipt niður í kafla í samræmi við þau.

6.1 Stuðningur foreldra

Stuðningur í námi

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort að foreldrar þeirra hafi lagt mikið upp úr menntun, staðið við bakið á þeim og fylgst vel með námi þeirra sögðu flestir viðmælendur svo ekki vera. Kári sagði:

Mismikið. Málið var að foreldrar mínir bjuggu í sitthvoru landinu meira og minna. Mamma bjó [erlendis] útaf vinnu og pabbi gat ekki flutt með útaf vinnunni líka. Meira og minna þá var þetta bara ég og pabbi, við vorum þarna [úti á landi]. Ég fékk alveg hjálp upp á ef það var eitthvað stærðfræðidæmi sem maður vildi láta kíkja yfir, þá var það ekkert mál. En pabbi missti pabba sinn þegar hann var lítill þannig hann kann ekki svona emotional support eða þú veist. Jú, maður fékk alveg stuðning en eftir á að hyggja finnst manni það hafa verið vitlaus tegund af stuðning.

Þegar Guðrún var spurð að því hvort að foreldrar hennar hefðu lagt mikið upp úr menntun og fylgst vel með náminu hennar þá sagði hún: Nei...þau...ég fékk bara svoldið að ráða, sko. Enda sko þú veist, þau eru talin fullorðin bæði þegar ég er í grunnskóla og mennta- skóla. Þau gátu voða sjaldan hjálpað mér með heimanám því þau bara skildu þetta ekki sko. Þetta er eitthvað svona sem að þau lærðu ekki, sko.

Stuðningur við að halda áfram námi

Tveir viðmælendur nefndu það að foreldrar þeirra hefðu ekki lagt sérstaka áherslu á að þau myndu ljúka framhaldsskóla. Óli sagði:

Nei, eiginlega ekki. Það er dálítið sniðugt sko af því að þau, ég held þau hafi reyndar ekkert pressað á bróður minn en þau pressuðu dálítið á systur mína að klára eitthvað.

Hann kláraði ekki neitt og hún kláraði. Nei það var ekkert verið að pressa á mig, það var svona verið að benda á að það væri vissulega aðeins betra en ekkert meira en það.

Þegar Þóra var innt eftir því hvort hún teldi það rétta ákvörðun að hafa hætt í framhaldsskóla sagði hún: Nei alls ekki, ég myndi ekki segja að þetta hafi verið rétt ákvörðun. En hérna. Þetta var svo sem engin ákvörðun. Þetta var bara..ég bara gekk út og fór að vinna. Það var engin þæling á bakvið þetta. Ég settist ekkert niður með foreldrum mínum til að fara yfir mín mál, þú veist ég bara gekk út úr skólanum og bara fók it, þú veist.

Stuðningur um námsval

Flestir viðmælendur töluðu um að þau hefðu ráðið því hvað þau vildu gera í sambandi við nám. Andri sagði: Það var alltaf okkar val hvað við vildum gera með skóla sko. Hvaða nám við vildum taka, ef við vildum fara í skóla og hvaða skóla en það var bara allt sem við fengum að velja.

Einn viðmælandi talaði þó um að hann hefði ekki fengið stuðning til þess að gera það sem hann vildi í sambandi við nám. Kári sagði:

Eins og ég segi, maður tók rosalegan séns að gera það sem maður gerði og það var því mun erfiðara vegna þess að það var enginn stuðningur úr fjölskyldunni að gera það vegna þess að það þótti svo arfa vitlaus hugmynd.

6.2 Trú á eigin getu

Þegar kom að spurningum um trú á eigin getu var misjafnt hvað viðmælendur höfðu að segja. Sumir töldu sig hafa trú á sjálfum sér í náminu meðan aðrir höfðu takmarkaða trú á eigin getu. Það skein í gegn í svari eins viðmælanda að trúin á eigin getu hafi verið takmörkuð þrátt fyrir að hann segði annað þegar hann var spurður beint út. Guðrún sagði: „Já alveg fyrst sko. Ég hélt ég myndi náttúrulega bara klára þetta. En ég sé alltaf eftir því að hafa hætt sko. En ég hafði bara engan áhuga á þessu”. Þegar hún var svo spurð hvort hún hefði verið hrædd við að mistakast í náminu sagði hún:

Nei, sko ég er bara þannig, bæði í grunnskóla og menntaskóla, ég spurði ekki ef mig vantaði hjálp sko. Ég var hrædd um að ég yrði talin svo heimsk. Ég sat bara og þóttist frekar skilja þó ég skildi ekki neitt.

Tveir viðmælendur af fimm virtust hafa mjög takmarkaða trú á eigin getu. Þegar Kári var spurður hvort hann hefði verið hræddur við að mistakast í náminu sagði hann:

Já. Það var oft svona hugmynd sem að nagaði mann. Yfirleitt var það í byrjun annar. Þá kom maður svona tilbúinn í þetta og svo þurfti svo lítið að koma upp á að maður upplifði að maður drægist eitthvað smá aftur úr á einum stað. Þá gat það jafnvel orðið til þess að maður svoldið bara svona ég nenni ekki að dila við þetta, þá er þetta bara tapað. Og þá var allt því mun erfiðara.

Viðmælendur voru allir spurðir hvað þeir héldu að það hafi orðið til þess að þeir hættu í framhaldsskóla. Hjá einum viðmælanda kemur það skýrt fram að trú á eigin getu hafði mikið um það að segja. Þóra sagði:

Það var bara einhvernvegin. Það hafði bara, hvorki ég eða aðrir höfðu trú á að það myndi verða eitthvað úr mér. Náttúrulega líka það að eins og ég segi þegar þú ert búinn að ganga með þá flugu í höfðinu að þú getir ekki og sért bara vitleysingur og sért bara einhver sem er góð í að drekka brennivín og rífa kjaft eins og gamall sjóari þá náttúrulega passar það ekki að ætla að útskrifast úr skóla líka.

Þegar hún var spurð að því seinna í viðtalinu hvort að hún hefði trú á sér í náminu sagði hún:

Nei, mér var eiginlega orðið alveg slétt sama...það svona já, það bjóst enginn við neinu af mér í raun. Ég var bara svolítið svona vitleysingurinn sem að svona... jú, jú, gat sagt brandara og eitthvað svona og verið með einhvern hómor en námslega séð held ég að það hafi ekki neinn búist við neinu af mér.

6.3 Skuldbinding

Þegar kom að skuldbindingu gagnvart námi og skóla kom í ljós að flestir viðmælendur voru hvorki hegðunarlega né tilfinningalega skuldbundir skólanum og náminu. Viðmælendur áttu sér flestir sögu sem sneri að lélegri mætingu, voru ekki virkir í félagslífi skólans og voru áhugalausir gagnvart náminu.

6.3.1 Tilfinningaleg skuldbinding

Allir viðmælendur voru inntir eftir því hvað þeir teldu að hafi orðið til þess að þeir hættu í framhaldsskóla. Svör þeirra benda til þess að þeir hafi ekki verið tilfinningalega skuldbundir náminu. Einn viðmælandi nefndi að henni hefði ekki þótt hún eiga heima í skólanum. Þóra sagði: „Mér fannst ég ekki eiga heima þarna. Mér fannst alltof mikið af fögum sem vöktu engan áhuga hjá mér. Ég bara, mér var bara alveg sama“. Kári sagði: „Ég gat... en ég nennti ekki nema ég hefði bara svona rosaegan áhuga“. Guðrún hafði svipaða

sögu að segja; „U...bara áhugaleysi held ég. Ég hafði engan áhuga á þessu. Fannst þetta þá ekki skipta neinu máli sko”. Viðmælendur voru einnig spurðir út í það hvernig þeim hafi liðið í framhaldsskóla. Óli sagði: „Ég held það sé bara svipað og grunnskólinn..ég kann ekkert að vera í skóla, mér þykir það alveg drepleiðinlegt ef það er ekki verklegt sko...”

6.3.2 Hegðunarleg skuldbinding

Flestir viðmælendur áttu sögu um lélega mætingu og tóku takmarkaðan þátt í félagslífi í framhaldsskóla. Svör viðmælenda benda til þess að þeim hafi skort hegðunarlega skuldbindingu gagnvart náminu. Guðrún sagði: „Uh, það var alveg gaman. Ég lærði ekkert mikið. Ég skróaði svolítið. Æj ég veit það ekki. Maður var nú aðallega bara á djamminu”. Þegar Óli var spurður út í gengi í framhaldsskóla sagði hann: „ég á fínar einkunnir í sumum áföngum sko og svona hrikalega slaka mætingu, ég held ég sé með svona 50% mætingu í gegnum menntaskólann, eitthvað svoliðis”.

Viðmælendur voru spurðir út í mætingu og hvort þeir hafi stundað skólann vel. Andri sagði:

Ég var ekkert mikið að taka þátt í umræðum. Ég var meira kannski að hlusta og fylgjast með og aðrir tímar þar sem ég var yfir höfuð ekki að fylgjast með og það var voða misjafnt bara eftir fagi. Og hérna mætingin hefur bara verið svona upp og niður. Ég myndi ekkert segja að ég hafi mætt rosalega vel en það var aldrei vandamál samt.

Viðmælendur voru einnig spurðir út í hvort þeir hefðu verið virkir í félagslífi skólans. Flestir töluðu um að hafa mætt á viðburði tengda skólanum en það er ekki hægt að segja að þeir hafi verið virkir þátttakendur í félagslífi skólans. Andri sagði:

Félagslífið, jú, jú. Maður sinni því svona alveg ágætlega en ég hef aldrei verið mikið fyrir sko svona klíkuskap þannig að ég hef ekkert verið að festa mig í einhverja klíku og elta það sko. En maður fór alveg á böll svo sem og maður fór í svona ferðir sem voru í boði, sumar.

Annar viðmælandi lýsti þessu svipað og Andri. Kári sagði: „Maður var ekki mikið að bjóða sig fram sem formann nemendaráðs eða skemmtinefnd eða eitthvað svona en maður var alveg svona þannig séð mjög oft í iðunni þar sem hlutirnir voru að gerast.”

6.4 Námsáhugi

Allir viðmælendur töldu að áhugaleysi gagnvart námi hafi verið ástæðan fyrir því að þeir hættu í framhaldsskóla. Þeim fannst það sem skólinn hafði fram að færa ekki höfða til

þeirra og fannst námið jafnvel vera tímaeyðsla. Andri sagði: „Ástæðan fyrir því að ég hætti í skólanum er að ég vildi ekki vera sko neyddur í þessi fög sem ég hafði engan áhuga á. Og mér fannst það bara vera svona tímaeyðsla af minni hálfu. Útaf því að ég hefði getað klárað kannski og skriðið en mér fannst þetta bara vera vitleysa sko”. Hann sagði svo seinna:

Skólakerfið í heildina er bara úrelt þannig að það er verið að neyða mann í svona þetta að passa í kassann með öllum hinum og það held ég að bara gangi ekki og ég var mjög mikið á móti því og vildi. Eins og þegar ég fór í Menntaskólann í Kópavogi og það nám sem ég hafði áhuga fyrir þá alveg sökk ég inn í það og stóð mig vel og svo var það hin sem ég bara nennti varla að sinna og ég svona okey, ég þarf bara að fá fimmu og þá er þetta búíð. Svoleiðis viðhorf.

Einn viðmælenda lýsti skólagöngunni og hvernig honum gekk mjög vel í sumum fögum en mjög illa í öðrum. Hann endaði svo á því að skipta um skóla og fór í nám sem tengdist áhugasviði hans. Kári sagði:

Þetta endaði bara á því að ég hafði ekki áhuga á því sem var í boði. Svo ég endaði á því að fara suður og fór í Vélskólann sem að sem sagt var eitthvað sem ég gat fundið svona leið til að tengja við. Eitthvað sem ég hafði áhuga á. Vélskólinn kom svona eitthvað inn á það.

Þrír viðmælendur töluðu um að þeim hafi byrjað að ganga illa í námi um það leyti sem þeir fóru yfir á miðskólastig. Einn viðmælandi sagðist í raun hafa misst áhuga á öllu námi á þeim tíma. Þóra sagði:

Mér gekk alveg vel í skóla og gekk vel í íslensku og svona en þegar stærðfræðin fór að verða, hvað það er í sjöunda bekk sem algebra fór að bætast við og svona og þá fór mér að ganga frekar illa og þá í raun missti ég alveg bara áhuga á öllu námi örugglega, ef ég spái í því þannig.

Guðrún hafði svipaða sögu að segja: „Já, sko. Ég hef aldrei verið neinn gríðarlegur námsmaður. Uu, mér gekk ágætlega þangað til ég fór í svona sjöunda bekk. Þá fór allt niður á við”. Og Óli sagði: „Mér þótti alveg fínt í grunnskóla þangað til í svona níunda bekk. Þá gerði ég ekkert nema bara að horfa út um gluggann og bíða eftir að vera búinn.”

Einn viðmælandi minntist á þau neikvæðu áhrif sem getuskipting hafði á áhuga hennar á námi. Þóra sagði:

Bekkjunum var skipt í hægferð, meðalhraða og hraðferð og bara út af þessari stærðfræði er ég sett í hægferðina og við það þá bara hrynur eitthvað hjá krökkum. Bara já, þetta er tossabekkurinn og ég á bara heima hérna og ég get þetta ekki. Það er bara ekkert gott sem getur komið út úr því fyrir þá sem lenda í tossabekknunum.

6.5 Ávinningur

Flestir viðmælendur voru á því að þeir ætluðu að snúa aftur í nám og töldu það hafa verið ranga ákvörðun á sínum tíma að hætta námi þó að þeir sæju samt ekki sérstaklega eftir því. Viðmælendur töldu að stúdentsprófi myndi færa þeim vissan ávinning. Ávinningurinn að mati viðmælenda fólst í möguleikum á að skipta um starfsvettvang, finna til starfsöryggis og að standa jafnfætis öðrum.

6.5.1 Að skipta um starfsvettvang

Flestir viðmælendur voru staðráðnir í að þeir ætluðu að snúa aftur í nám einhverntíman þegar tækifæri gæfist. Þeim fannst mikilvægt að ljúka stúdentsprófi til þess að hafa möguleika á frekara námi og geta skipt um starfsvettvang. Óli sagði:

Já ég hérna. Ég ætlaði alltaf að vera sjómaður en eftir að vera búinn að vera sjómaður þá er ég búinn að átta mig á því að ég kæri mig ekkert um að vera sjómaður allt mitt líf. Þannig að það er frekar mikilvægt að ég fari í skóla og læri eitthvað gáfulegra og eigi þetta bara inni.

Annar viðmælandi lýsti því hvornig hún væri alltaf að hugsa um að snúa aftur í nám til þess að eiga möguleika á að fara í frekara nám í háskólanum ef hún finndi hjá sér löngun til þess. Þóra sagði:

Já, ég hef verið að hugsa það náttúrulega alltaf. Og ég fór í VMA á tímabili og tók einhverja þrjá áfanga þar og svo fór ég já...þannig ég veit ekki hvað ég er komin með margar einingar núna sko. En ég hef líka verið að spá í þetta Keillis dæmi sko en það náttúrulega kostar slatta peninga...en hérna jájá, jújú. Ég er alltaf að spá í það. En það er ekki endilega það að ég sé búin að finna mér eitthvað í háskólanum til að læra það er ekki endilega fyrir það sko. En ef að ég sé eitthvað þá langar mér að geta bara já, heyrðu ég ætla að taka einn kúrs í þessu, þú veist.

Eins og fyrr segir voru flestir viðmælendur sammála um að sú ákvörðun að hætta námi hafi ekki verið rétt. Einn viðmælandi lýsti því hvornig hann ætlaði að snúa aftur í nám ef hann finndi leið til þess. Andri sagði:

Já svona bæði og. Því núna er ég einmitt dálítið að vesenast við það að fara að reyna að klára námið og sérstaklega hérna úti því það er allt annað kerfi. Þannig ég er búinn að vera að hugleiða að snúa aftur bara til þess að klára námið og koma mér einmitt í háskólann til þess að ég geti farið að einbeita mér að því sem ég vill gera.

6.5.2 Starfsöryggi

Guðrún lýsti því í viðtalinu að henni þætti mög leiðinlegt að hafa ekki lokið stúdentsprófi og að það væri draumur hennar að klára það. Hún sagðist þurfa að fara í háskólabrú sem hana langaði eiginlega ekki til þess að gera. Hún sagðist frekar vilja ljúka stúdentsprófi úr hefðbundnum framhaldsskóla og sagði „Þetta heftir það svolítið að mig langi í meira nám“. Hún talaði einnig um það hvornig stúdentsprófið myndi veita henni meira starfsöryggi en hún býr við núna:

Sko, mér finnst það mikilvægt því núna í ágúst þá var ég ráðin sem deildarstjóri á leikskóla sem þýðir náttúrulega hærri laun sem er rosa gott en ég er náttúrulega ekkert örugg með þessa vinnu því ef einhver lærður sækir um þá missi ég hana. Þú veist mér finnst það svoldið svona og svo hugsa ég með mér, mig langar að læra, okey ég skal viðurkenna að ég er aðeins spenntari fyrir eins og þú veist grunnskólakennara en ég ætla að búa [úti á landi] og þetta þýðir það að þetta er örugg vinna bæði leikskólakennari og grunnskólakennari. Þú ert bara öruggur þangað til þú drepst sem mér finnst náttúrulega gríðarlegur kostur af því að ég kys að búa hér og þá myndi ég hafa vinnu bara alltaf.

6.5.3 Að standa til jafns við aðra

Viðmælendur voru flestir sammála um að það væri mikilvægt fyrir þá að ljúka framhaldsskólamenntun og það myndi meðal annars gera þau samkeppnishæfari á vinnumarkaði. Einn viðmælandi lýsti því hvornig hún hefði ekki sömu tækifæri og aðrir vegna þess að hún væri ekki búin að ljúka framhaldsskóla. Þóra sagði:

Manni finnst maður kannski ekki endilega vera minni manneskja þannig en maður hefur ekki sömu tækifæri í raun ef maður er ekki með þetta stúdents-

próf. Það er líka rosalega svekkjandi að þú ert kannski búinn að vinna í 17 ár á einhverjum vinnustað og svo kemur einhver krakki inn sem sumarstarfsmaður með stúdentspróf sem hefur aldrei komið nálægt barni áður og þið eruð á sömu launum bara af því að hún er með stúdentspróf.

Annar viðmælandi talaði um að hann hefði í raun minni tækifæri þar sem hann hefði ekkert til að styrkja ferilskrána. Andri sagði:

Þetta er orðið aðeins erfiðara þegar maður fer að eldast og það er komin smá samkeppni á vinnumarkaðinn og þú ert ekki með neitt til að styrkja ferilskrána og voða erfitt að halda áfram í að fara í svona sérmenntun.

7 Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að helstu ástæður fyrir því að nemendur hverfa frá námi úr framhaldsskóla séu lítill stuðningur foreldra, lítill skuldbinding gagnvart námi og skóla, takmörkuð trú á eigin getu og áhugaleysi. Viðmælendurnir í þessari rannsókn voru flestir sammála því að það hafi verið röng ákvörðun að hætta í námi og hyggjast snúa aftur í nám þegar tækifæri gefst. Ávinningurinn af því að ljúka framhaldsskóla að mati viðmælenda felst í óskinni um að skipta um starfsvettvang, auknu starfsöryggi og að standa til jafns við aðra.

7.1 Stuðningur foreldra

Þegar skoðað var hvaða áhrif stuðningur foreldra hafði á ákvörðun viðmælenda um að hætta í námi, kom í ljós að flestir upplifðu lítinn stuðning foreldra. Einn viðmælandi sagðist hafa fengið hjálp við heimanám en eftir á að hyggja hafi hann þurft meiri tilfinningalegan stuðning. Þetta er í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Sigrúnar og Kristjönu (2005) þar sem kom í ljós að þau ungmenni sem töldu sig njóta stuðnings foreldra voru líklegri til þess að hafa lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur en þau ungmenni sem fengu lítinn stuðning frá foreldrum (bls. 19). Þessar niðurstöður ríma sömuleiðis við niðurstöður úr rannsókn Kristjönu og Jóns (2002) þar sem fram kom að stuðningur foreldra tengist brotthvarfi úr námi. Því meiri stuðningur sem nemendur upplifðu frá foreldrum, því líklegri voru þeir til að ljúka námi (bls. 27). Einn viðmælandi talaði um að hann hafi sjaldan getað fengið hjálp við heimanám þar sem foreldrar hans höfðu takmarkaðan skilning á námsefninu. Þetta er í samræmi við niðurstöður Sabates og félaga (2013) þar sem fram kom að þeir nemendur sem ekki fá hjálp við heimanám frá foreldrum séu mun líklegri til þess að hverfa frá námi en nemendur sem fá hjálp við heimanám (bls. 230).

Fjórir af fimm viðmælendum sögðu að það hafi verið þeirra val að ljúka ekki framhaldsskóla og að foreldrar þeirra hafi ekki lagt sérstaka áherslu á það. En samkvæmt Rumberger og félögum (1990) eru brotthvarfssnemendur líklegri til þess að búa við afskiptalaus uppeldishætti (bls. 296). Einn viðmælandi talaði um að ákvörðunin um að hætta í framhaldsskóla hafi verið lítt ígrunduð. Hún hafi ekki sest niður með foreldrum sínum til að fara yfir sín mál, hún hafi bara hætt. Það er einnig í samræmi við niðurstöður Rumberger og félaga (1990) þar sem kom í ljós að brotthvarfssnemendur eru líklegri til þess að taka ákvarðanir án samráðs við foreldra (bls. 296).

7.2 Trú á eigin getu

Þegar kom að því að skoða hvaða áhrif trú á eigin getu hafði á ákvörðun viðmælenda að hætta námi, sýndu niðurstöður rannsóknarinnar að meirihluti viðmælenda hafði takmarkaða trú á eigin getu. Einn viðmælandi lýsti því hvernig hún hafði ekki haft þor til þess að biðja um hjálp í skólanum því hún var hrædd um að hún yrði talin heimsk. Annar viðmælandi sagði að hvorki hún né aðrir hafi haft trú á því að það yrði eitthvað úr henni. Þetta er í samræmi við niðurstöður Kristjönu og Jóns (2002) þar sem fram kom að þeir sem hafa útskrifast úr framhaldsskóla 24 ára, hafa að jafnaði meiri trú á eigin getu (bls. 28). Þetta samræmist einnig umfjöllun Van Uden og féлага (2014) þar sem fram kom að einstaklingur telur það ólíklegt að hann muni ná vissu marki, þá muni hann líklega ekki leggja sig fram til þess að ná því (bls. 23). Annar viðmælandi sagði að sú hugmynd að honum myndi mistakast í náminu hafi oft nagað og að hann hafi verið fljótur að gefast upp þegar á móti blés. Það er í samræmi við umfjöllun Hjalta og Rúnars (2014) þar sem fram kom að þeir sem hafa litla trú á eigin getu eru líklegri til að forðast krefjandi viðfangsefni og að gefast fljótt upp (bls. 5–6).

7.3 Skuldbinding

Þegar skoðað var hvaða áhrif skuldbinding viðmælenda gagnvart námi og skóla hafði á ákvörðun þeirra um að hætta námi í framhaldsskóla, kom í ljós að flestir viðmælendur voru hvorki hegðunarlega né tilfinningalega skuldbundir skólanum og náminu. Það felst í því að viðmælendur lýstu yfir áhugaleysi gagnvart náminu, höfðu sögu um lélega mætingu og tóku lítinn þátt í félagslífi skólans. Fjórir af fimm viðmælendum áttu sögu um lélega mætingu. Þetta er í samræmi við niðurstöður Archambault og féлага (2009) sem sýndu fram á að skortur á hegðunarlegri skuldbindingu tengdist brotthvarfi úr námi (bls. 664). Allir viðmælendur töluðu um að áhugaleysi gagnvart námi hafi verið stór þáttur í því að þeir ákváðu að hætta í framhaldsskóla. Einn viðmælandi sagði að henni hafi ekki fundist hún eiga heima í framhaldsskólanum og að það hafi verið alltof mörg fög sem vöktu engan áhuga hjá henni. Þetta er í samræmi við niðurstöður Lamote og féлага (2013) sem sýndu fram á að skortur á tilfinningalegri skuldbindingu gagnvart námi tengdist brotthvarfi. Því minni sem tilfinningaleg skuldbinding nemenda í þeirri rannsókn var þegar þeir hófu nám þeim mun meiri líkur voru á að þeir myndu hverfa frá námi (bls. 753).

Þrír viðmælendur í rannsókn minni lýstu því hvernig sumir kennarar á námsárum þeirra bjuggu yfir þeim eiginleikum að geta vakið áhuga þeirra á námsefninu á meðan aðrir kennarar gátu það ekki. Þetta er í samræmi við umfjöllun Fredricks og féлага (2004) þar sem fram kom að stuðningur kennara og umhyggja tengist hegðunarlegri skuldbindingu nemenda eins og þátttöku í náminu og vinnusemi (bls. 75).

7.4 Námsáhugi

Þegar áhrif námsáhuga á ákvörðun viðmælenda að hætta námi voru skoðuð kom í ljós að viðmælendur höfðu allir verið áhugalausir gagnvart náminu. Áhugaleysi gagnvart námi spilaði stóran þátt í því að flestir viðmælendur í rannsókninni ákváðu að hætta. Þetta samræmist niðurstöðum rannsóknar Jóns og Kristjönu (2002) þar sem fram kom að áhugaleysi og námsleiði voru einar af helstu ástæðunum sem nemendur gáfu fyrir því að hafa hætt námi í framhaldsskóla (bls. 58–59).

Þrír viðmælendur í rannsókn minni töluðu um það að þeim hefði þótt gaman og gengið vel í skóla þangað til þeir fóru yfir á miðskólastig. Þá hafi leiðin legið niður á við og áhuginn á náminu minnkað. Einn nemandi minntist á þau neikvæðu áhrif sem getuskipting hafði á áhuga hennar á námi. Þetta rímar við niðurstöður Eccles og félaga (1993) þar sem fram kom að miklar breytingar verða á skóla og kennsluumhverfi við flutninginn frá barnaskólastigi yfir á miðskólastig sem verða til þess að námsáhugi barna minnkar. Ástæðurnar fyrir því að námsáhugi barna minnkar á þessu tímabili er meðal annars aukin getuskipting nemenda (bls. 554 og 567). Sömu niðurstöður er að finna í rannsókn Amalíu Björnsdóttur og félaga (2008) þar sem fram kom að námsáhugi barna er mestur í upphafi skólagöngu en fer svo minnkandi. Í níunda bekk fannst aðeins 40% nemenda í þeirri rannsókn gaman í skólanum (bls. 22).

Einn viðmælandi talaði um að hún hefði misst allan áhuga á námi um það leyti sem að námsefnið fór að þungjast. Samkvæmt umfjöllun Amalíu Björnsdóttur og félaga (2008) telja fræðimenn mikilvægt að finna leiðir til þess að styrkja innri áhugahvöt nemenda en það má meðal annars gera með því að styðjast við fjölbreyttar kennsluaðferðir, finna nemendum hæfilega þung verkefni og fjölga námskostum (bls. 9). Flest í rannsókn minni bendir þó til þess að verkefnin sem viðmælendur mínir fengu hafi ýmist verið of létt eða of þung. Einn viðmælandi lýsti því til dæmis að hún hafi verið sett í hægferð og þá hafi áhugi hennar á námi minnkað. Því má ætla að fjölgun námskosta og fjölbreyttar kennsluaðferðir séu betri leiðir til þess að styrkja innri áhugahvöt nemenda. Niðurstöður Hjalta og Rúnars (2014) benda aftur á móti til þess að með því að finna nemendum hæfilega þung verkefni og fjölga námskostum eflist námsáhugi nemenda og trú þeirra á eigin getu (bls. 16).

7.5 Ávinningur

Flestir viðmælendur í rannsókn minni töldu það hafa verið ranga ákvörðun að hætta námi í framhaldsskóla. Allir viðmælendur nema einn voru á því að þeir ætluðu að snúa aftur í nám og ljúka stúdentsprófi þegar þeir hefðu tækifæri til þess og töldu ákveðinn ávinning felast í því. Ávinningurinn að mati viðmælenda er einstaklingsbundinn og felst í auknu

starfsöryggi, óskinni um að skipta um starfsvettvang og að standa til jafns við aðra. Þetta er í samræmi við niðurstöður Jóhönnu og Jóns (2004) þar sem fram kom að hvatinn til þess að afla sér frekari menntunar fælist meðal annars í einstaklingsbundum þáttum (bls. 138). Einn viðmælandi í rannsókn minni talaði um að hún byggi ekki við nægilegt starfsöryggi í þeirri vinnu sem hún væri í og að stúdentsprófið myndi færa henni aukna möguleika á frekara menntun sem myndi styrkja stöðu hennar á vinnumarkaði. Þetta er í samræmi við niðurstöður Jóhönnu og Jóns (2004) sem sýndu fram á að starfsöryggi væri einn af þeim þáttum sem virkaði hvetjandi á fullorðið fólk í að afla sér frekari menntunar (bls. 139).

Þrír viðmælendur í rannsókn minni töluðu um að með því að ljúka stúdentsprófi gætu þau menntað sig frekar og það gæfi þeim kost á að skipta um starfsvettvang. Einn viðmælandi var kominn með leið á því starfi sem hann var í og vildi fara að gera eitthvað annað. Þetta er einnig í samræmi við niðurstöður Jóhönnu og Jóns (2004) þar sem fram kom að óskinn um að skipta um starfsvettvang hafi verið einn af þeim þáttum sem hvatti fólk til frekara náms, meðal annars vegna óánægju í starfi (bls 139). Einn viðmælandi í rannsókn minni lýsti því hvernig hún hefði ekki sömu tækifæri og aðrir vegna þess að hún væri ekki búin að ljúka stúdentsprófi og annar viðmælandi talaði um að það væri komin samkeppni á vinnumarkað og hann hefði ekkert til þess að styrkja ferilskrána. Þetta bendir til þess að viðmælendum mínum finnst þau ekki standa jafnfætis öðrum á vinnumarkaði og að mögulegur ávinningur af stúdentsprófi sé fólgin í að standa til jafns við aðra. Þetta samræmist einnig niðurstöðum Jóhönnu og Jóns (2004) þar sem fram kom að einstaklingsbundir þættir eins og að standa til jafns við aðra væri hvati að námi fullorðinna einstaklinga (bls. 139).

8 Lokaorð

Í samfélagi þar sem mikil áhersla er lögð á að einstaklingar sækji sér menntun er mikilvægt að veita þeim athygli sem virðast líklegir til þess að hverfa frá námi. Einstaklingar sem hverfa frá námi eru líklegir til þess að vera áhugalausir, upplifa lítinn stuðning foreldra, hafa takmarkaða trú á eigin getu og vera óskuldbundnir námi og skóla. Það er því mikilvægt að huga að þessum hópi. Þar sem brottfallsnemendur eru ekki einsleitir hópur má gera ráð fyrir að mæta þurfi þessum nemendum með ólíkum aðgerðum. Það má til dæmis gera með því að notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölga námskostum og styrkja skuldbindingu nemenda.

Svör viðmælenda minna staðfesta fyrri rannsóknir og benda til þess að það sem auki líkur á brotthvarfi úr framhaldsskóla sé meðal annars áhugaleysi, lítil skuldbinding, takmörkuð trú á eigin getu og lítill stuðningur foreldra. Helsta ástæðan fyrir því að viðmælendur í rannsókn minni hættu námi var áhugaleysi. Þeir töldu námið ekki skipta máli og sáu ekki tilganginn með því. Ummæli viðmælenda minna staðfesta þetta en þau voru meðal annars eftirfarandi: „Mér fannst ég ekki eiga heima þarna. Mér fannst alltof mikið af fögum sem vöktu engan áhuga hjá mér. Ég bara, mér var bara alveg sama.“ Svör viðmælenda minna benda einnig til þess að ákveðinn ávinningur felist í því snúa aftur í nám. Sá ávinningur er einstaklingsbundinn en hann felst í auknu starfsöryggi, óskinni um að skipta um starfsvettvang og að standa til jafns við aðra.

Þátttakendur í rannsókn minni voru flestir sammála um að það hafi verið röng ákvörðun að hætta í framhaldsskóla og ætla að snúa aftur í nám og ljúka stúdentsprófi þegar tækifæri gefst. Eins og kom fram hjá viðmælendum mínum er nám kostnaðarsamt. Auk þess getur aðgengi að því verið takmarkað. Ákvörðunin um að snúa aftur í nám getur þannig reynst mörgum flókin. Það er því mikilvægt að hvatning og stuðningur af hálfu fjölskyldunnar sé til staðar og að aðgengi að námi sé gott. Orðtakið segir „Mennt er máttur“ en ætla má að aukin menntun bæti hag einstaklinga og hjálpi þeim að tileinka sér nýjungar.

Eins og við má búast í verkefni sem þessu hafa nýjar spurningar vaknað í kjölfar þeirra sem hefur verið svarað. Það er ljóst að það sem eykur líkur á brotthvarfi úr framhaldsskóla er lítill stuðningur foreldra, takmörkuð trú á eigin getu, lítil skuldbinding og áhugaleysi.

Í ljósi þessara niðurstaðna væri áhugavert að skoða hvernig þessir fyrrnefndu þættir tengjast. Hvaða áhrif hefur stuðningur foreldra á námsáhuga? Hvaða áhrif hefur stuðningur foreldra á skuldbindingu og trú á eigin getu? Hvernig tengjast skuldbinding og námsáhugi? Þessar spurningar eru mikilvægar í tengslum við umfjöllunina um brottfall úr framhaldsskólum og væri áhugavert að fá svör við þeim.

Heimildaskrá

- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 7–26. Sótt af http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/1_amalia_baldur_borkur1.pdf
- Anguiano, R. P. V. (2004). Families and schools. The effect of parental involvement on high school completion. *Journal of Family Issues*, 25(1), 61–85.
doi:10.1177/0192513X03256805
- Archambault, I., Janosz, M., Fallu, J. S. og Pagani, L. S. (2009). Student engagement and its relationship with early high school dropout. *Journal of Adolescence*, 32(3), 651–670.
doi:10.1016/j.adolescence.2008.06.007
- Baumrind, D. (1966). Effects of authoritative parental control on child behavior. *Journal of Child Development*, 37, 887–907. doi:10.2307/1126611
- Eccles, J. S., Wigfield, A., Midgley, C., Reuman, D., Mac Iver, D. og Feldlaufer, H. (1993). Negative effects of traditional middle schools on students motivation. *The Elementary School Journal*, 93(5), 553–574. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/1001828>
- Fredricks, J. A., Blumenfeld, P. C. og Paris, A. H. (2004). School engagement: Potential of the concept, state of the evidence. *Review of Educational Research*, 74, 59–109.
doi10.3102/00346543074001059
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs. Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Ásprent Stíll.
- Hjalti Jón Sveinsson og Börkur Hansen. (2010). Trú á eigin færni og hvati til náms: Hversvegna hætta nemendur á Almennri námsbraut í Verkmenntaskólanum á Akureyri á meðan aðrir halda áfram? *Uppeldi og menntun*, 19(1–2), 91–112. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=5283345
- Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigþórsson. (2014). „Hver önn sem þau hafa klárað hér í skólanum er sigur fyrir hvert og eitt“: Reynsla nemenda í Verkmenntaskólanum á

- Akureyri af þróunarverkefni um framhaldsskólapróf af stuttri starfsnámsbraut. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/005.pdf>
- Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 129–143. Sótt af http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/10_johanna_jon1.pdf
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129–136). Akureyri: Ásprent Stíll.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2002). *Brottfall úr námi: Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf
- Kristjana S. Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2014). Parenting in relation to school dropout through student engagement: A longitudinal study. *Journal of Marriage and Family*, 76, 778–795. doi:10.1111/jomf.12125
- Lamote, C., Speybroeck, S., Van Den Noortgate, W. og Van Damme, J. (2013). Different pathways towards dropout: The role of engagement in early school leaving. *Oxford Review of Education*, 39, 739–760. doi:10.1080/03054985.2013.854202
- Liu, F. (2004). Basic education in Chinas rural areas: A legal obligation or an individual choice? *International Journal of Educational Development*, 24, 5–21. doi:10.1016/j.ijedudev.2003.09.001
- OECD. (2012). *Equity and quality in education: Supporting disadvantaged students and schools*. Sótt 15. mars af <http://www.oecd.org/education/school/50293148.pdf>
- Rumberger, R. W., Ghatak, R., Poulos, G., Ritter, P. L. og Dornbusch, S. M. (1990). Family influences on dropout behavior in one California high school. *Sociology of Education*, 63, 283–299. doi:10.2307/2112876

- Sabates, R., Hossain, A. og Lewin, K. M. (2013). School dropout in Bangladesh: Insights using panel data. *International Journal of Educational Development*, 33, 225–232. doi:10.1016/j.ijedudev.2012.09.007
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013a). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239–249). Akureyri: Ásprent Stíll.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013b). Inngangur að aðferðafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 17–30). Akureyri: Ásprent Stíll.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11–23. Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/14402/34214/1/1_sigrun_kristjana1.pdf
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 86–88). Akureyri: Ásprent Stíll.
- Van Uden, J. M., Ritzen, H. og Pieters, J. M. (2014). Engaging students: The role of teacher beliefs and interpersonal teacher behaviour in fostering student engagement in vocational education. *Teaching and Teacher Education*, 37, 21–32. doi:10.1016/j.tate.2013.08.005

Viðauki 1: Viðtalsrammi

1. Hvað ertu gömul/gamall?
2. Getur þú lýst skólagöngu þinni fyrir mér?
<ul style="list-style-type: none">• Í hvaða grunnskóla varstu?• Hvernig leið þér í grunnskóla?• Í hvaða framhaldsskóla fórstu?• Hvernig leið þér í framhaldsskóla?• Hvernig gekk þér í framhaldsskóla?
3. Stundaðir þú skólann vel?
<ul style="list-style-type: none">• Hafðir þú gaman af því sem þú varst að læra í skólanum?• Varst þú virk/virkur í félagslífinu í skólanum?• Hvað fannst þér ánægjulegast við framhaldsskólann?• Hvað fannst þér leiðinlegast við framhaldsskólann?
4. Áttir þú við einhverja námsörðugleika að stríða?
<ul style="list-style-type: none">• Fékkst þú stuðning við hæfi í skólanum?
5. Hvöttu kennararnir þínir þig áfram og sýndu þér stuðning?
6. Hafðir þú trú á þér í náminu?
<ul style="list-style-type: none">• Varst þú hrædd/ur við að mistakast í náminu?• Varst þú jákvæður gagnvart náminu þínu?
7. Lögðu foreldrar þínir mikið upp úr menntun?
<ul style="list-style-type: none">• Hvaða menntun hafa foreldrar þínir?• Stóðu foreldrar þínir við bakið á þér og hvöttu þig áfram í námi?• Fylgdust foreldrar þínir vel með námi þínu?• Getur þú lýst uppeldinu sem þú fékkst?
8. Hvað telur þú að hafi orðið þess valdandi að þú hættir í framhaldsskóla?
<ul style="list-style-type: none">• Telur þú að búseta/aðgengi að menntun hafi haft einhver áhrif á að þú hefur ekki lokið framhaldsskóla?• Hvað varstu gamall/gömul þegar þú hættir í framhaldsskóla?• Hvernig leið þér þegar þú hættir námi?
9. Hvaða áhrif hafði það á líf þitt að hætta námi í framhaldsskóla?
<ul style="list-style-type: none">• Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að hætta í námi?• Hyggst þú snúa aftur í nám?• Telur þú mikilvægt fyrir þig að ljúka framhaldsskóla uppá framtíðina að gera?• Að hvaða leyti?